

Nd. 440. Frumvarp til laga [252. mál]
um breyting á jarðræktarlögum nr. 79 1972.

(Lagt fyrir Alþingi á 94. löggjafarþingi, 1973—1974.)

1. gr.

Við VI. lið 10. gr. bætist nýr staflíður.

- h. Gróðurhús á garðyrkjubýlum. Til byggingar nýrra gróðurhúsa og endurnýjunar á eldri húsum en 15 ára. 120 kr. pr. m².

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og greiðast eftir þeim framlög fyrir framkvæmdir unnar á árinu 1974.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með frumvarpi þessu er lagt til, að framlag til byggingar og endurnýjunar gróðurhúsa, sem greitt er samkvæmt heimild 3. lið 61. gr. laga nr. 45 16. apríl 1971, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum, verði greitt með öðrum framlögum til jarðræktar og húsaþóta, samkvæmt jarðræktarlögum.

Að öðru leyti vísast til athugasemda með frumvarpi til laga um breytingu á lögum um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum, sem flutt er samtímis þessu.